

Jóna Ósk Guðjónsdóttir

Frá: Steinunn Þorsteinsdóttir **Sent:** 19.8.2013 22:39:28
Til: Jóna Ósk Guðjónsdóttir; Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
CC:
Efni: FW: Beiðni Hagsmunasamtaka heimilanna um styrk
Viðhengi:
Málsnúmer: 1308386

From: Hagsmunasamtök heimilanna [mailto:heimilin@heimilin.is]
Sent: 19. ágúst 2013 22:28
To: hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
Subject: Beiðni Hagsmunasamtaka heimilanna um styrk



Dags. 19. ágúst 2013
Viðtakandi: Hafnarfjarðarkaupstaður

Efni: Beiðni Hagsmunasamtaka heimilanna um styrk

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) voru stofnuð í upphafi árs 2009 og hafa síðan þá unnið sleitulaust að ýmsum málum á sviði neytendaverndar og hagsmunagæslu fyrir heimili landsins, sem eru ein af grunnstoðum samfélagsins. Samtökin eru áhugamannasamtök þar sem allt starf stjórnar- og varastjórnarmanna er unnið í sjálfböðavinnu, en tveir starfsmenn starfa fyrir samtökin í rúmlega einu og hálfu stöðugildi.

Frá stofnun samtakanna hefur baráttan færst sífellt meira inn í dómssali landsins. Framan af fólust baráttuaðferðirnar öðru fremur í málflutningi á opinberum vettvangi um nauðsyn og sanngirni almennra stjórnvaldsaðgerða til að leiðrétta skuldastöðu heimila landsmanna vegna þeirra óvæntu og óvenjulegu kringumstæðna sem sköpuðust við bankahrunið á haustmánuðum 2008. Þrátt fyrir góðar undirtektir almennings, þrotlausa vinnu og sáttavilja samtakanna og félagsmanna þeirra gagnvart lögmætum væntingum um þverpólítíska skjaldborg um heimilin, hafa raunverulegar lausnir á orsökum vandamálsins því miður látið á sér standa. Það sem hefur hinsvegar gefið umtalsverðan árangur er laganna bókstafur, þegar hann er þá í hávegum hafður. Þann 16. júní 2010 kvað Hæstiréttur upp úrskurð í máli þar sem tekist var á um gengistryggingu, og dæmdi hana ólöglega. Sá dómur og fleiri hafa leitt til niðurfærslu lána heimilanna sem nemur 150 milljörðum króna miðað við síðustu áramót, samanborið við einungis um 50 milljarða niðurfærslur vegna úrræða sem stjórnvöld hafa boðið upp á vegna verðtryggðra lána. Síðan þá hefur Hæstiréttur kveðið upp dóma í málum nr. 600/2011 og nr. 464/2012 sem leitt hafa til enn meiri niðurfærslu lána, og nú síðast í málum nr. 50/2013 og 672/2012 en í síðastnefnda málinu var í fyrsta sinn svo vítað sé dæmt um lögmæti lánaskilmála á grundvelli laga um neytendalán.

HH reka nú tvö kostnaðarsöm mál fyrir dómstólum sem snúa að mikilvægum hagsmunum neytenda á lánamarkaði. Annars vegar er um að ræða dómsmál gegn Lýsingu, en HH lögðu í nóvember síðastliðnum fram lögbannskröfu hjá Sýslumanninum í Reykjavík gegn innheimtu Lýsingar vegna samninga sem innihalda ólögmæt gengistryggingarákvæði. Lýsing hafði þá haldið því fram að Hæstaréttardómur nr. 464/2012 hefði ekkert fordæmisgildi fyrir lánasamninga fyrirtækisins sem myndi þar af leiðandi ekki endurreikna lánin. HH kröfðust þess að innheimta Lýsingar vegna ofangreindra samninga yrði tafarlaust stöðvuð og ekki leyfð að nýju fyrr en réttir og sannanlega lögmætir endurútreikningar liggja fyrir í samræmi við dóma Hæstaréttar (nr. 600/2011 og nr. 464/2012). Samtökin nýttu með þessu heimildir sem þau hafa á grundvelli laga nr. 141/2001 til að leita lögbanns og höfða dómsmál til verndar heildarhagsmunum neytenda sbr. auglýsingu nr. 1320/2011 í Stjórnartíðindum. Sýslumaður vísaði lögbannsbeiðninni frá og var frávisunin kærð til Héraðsdóms þann 1. mars. Héraðsdómur staðfesti frávisun sýslumanns þann 5. júlí og

hefur niðurstaða héraðsdóms nú verið kærð til Hæstaréttar.

Hins vegar er um að ræða málsókn á hendur Íbúðalánasjóði vegna verðtryggðs neytendaláns sem þingfest var fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í október. Málið er höfðað af félagsmanni í samtökunum, en HH standa að baki málsókninni og greiða allan kostnað vegna þess. Í stefnunni er byggt á lögum um neytendalán nr. 121/1994, en stjórn samtakanna telur sýnt að flestir ef ekki allir verðtryggðir lánasamningar brjóti gegn skýrum ákvæðum laganna um upplýsingagjöf um heildarlántökukostnað til neytenda, og kunni þar með að vera ólöglegir. Ríkislögmaður, fyrir hönd Íbúðalánasjóðs, fór fram á frávísun málsins fyrir héraðsdómi og var málinu vísað frá dómi í lok apríl. HH kærðu frávísunina til Hæstaréttar sem staðfesti úrskurð héraðsdóms. Stefnendur í málinu hafa þó síður en svo gefist upp og hafa nú í samráði við lögfræðing og með stuðningi HH tekið ákvörðun um að leggja fram nýja stefnu í Héraðsdómi Reykjavíkur strax að loknu réttarhléi.

Málsóknir af þessu tagi eru afar kostnaðarsamar og því leita samtökin nú eftir fjárstyrkjum frá sveitarfélögum. Þess má geta að nokkur verkalýðsfélög hafa veitt samtökunum fjárhagsstyrki vegna ofangreindra dómsmála. Stjórn VR lagði fram eina milljón, auk þess sem Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri, Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur hafa veitt málefnum fjárstyrk, ásamt fjölda einstaklinga og smærri fyrirtækja. Tekið skal fram að samtökin hafa gagnsæi að leiðarljósi í starfi sínu og upplýsa því félagsmenn sína um alla fjárstyrki.

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Sigrún E. Egilsdóttir, starfsmaður stjórnar

© Hagsmunasamtök heimilanna - Ármúla 5 - 108 Reykjavík - Iceland - heimilin@heimilin.is



FYRIRVARI / DISCLAIMER